

Stjórnarfundur Vinstri Grænna 25. október 2015 á Hótel Selfossi

Fundur settur kl. 13.50

Mættir; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Edward Huijbens, Bjarkey Olsen Gunanrsdóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Una Hildardóttir, Jakob S. Jónsson, Daníel Arnarsson, Elín Oddný Sigurðardóttir.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá;

1. Ályktunartillaga um samfélagsbanka

Katrín gerði grein fyrir ályktunartillögu um samfélagsbanka sem Landfundur vísaði til stjórnar.

Umræður um hana.

Svohljóðandi tillaga borin upp til atkvæða:

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Selfossi 23. – 25. október 2015, leggst eindregið gegn því að selja hluta ríkisins í Landsbankanum og lýsir sig andvígán frekari einkavæðingu á bankanum. Fundurinn telur mikilvægt að á Íslandi verði banki í almannaeigu sem gæti almannahagsmuna. Hreyfingin tekur undir hugmyndir um að breyta Landsbanka Íslands í samfélagsbanka sem hefur þjónustu við almenning að leiðarljósi umfram kröfur um arðsemi. Þá er mikilvægt að fært verði í lög að aðskilja starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingabanka. Að lokum krefst fundurinn þess að rannsókn fari fram á einkavæðingu fyrri ríkisstjórna Framsóknar og Sjálfstæðisflokks á ríkisbönkunum, líkt og Alþingi samþykkti að gera fyrir þremur árum.

Tillagan samþykkt samhjóða

Fundi slitið 14:00